



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Suðurlandsbraut 34-Ármúli 31 - Orkureitur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 1. júlí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 30. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut 34/Ármúla 31, reitur 1.265, Orkureitur, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Laugavegur og Suðurlandsbraut er einn af lykilþróunarásam borgarlínu og er hér verið að samþykkja að auglýsa deiliskipulag á Orkureit. Gamla Orkuhúsið fær að njóta sín innan um þetta byggð fyrir nýjar íbúðir með borgarlínustöð í grenndinni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að sjá mögulega uppbyggingu við Orkureit sem hefur mikla möguleika. Rétt er að benda á að atvinnuhúsnæði verður um 5.000 m² minna en nú er og kallar því að atvinnuhúsnæði annars staðar á höfuðborgarsvæðinu á móti. Í kynningum borgarinnar er gjarnan rætt um nýtt atvinnuhúsnæði en oft gleymist að gera ráð fyrir því atvinnuhúsnæði sem vikir á þéttingarreitum. Hætt er við að atvinnuhúsnæði dreifist annað vegna þessa. Þá vekur athygli að ráð er gert fyrir því að borgarlína verði í miðju Suðurlandsbrautar, en sú útfærsla er mjög umdeild. Með þessari útfærslu væru vinstri beygjur ómögulegar og því lengra fyrir akandi að fara. Mikilvægt er að afkastageta Suðurlandsbrautar verði ekki skert, en hér er gert ráð fyrir að 436 íbúðir sem kalla á aukna umferð.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óttast að mikil þrengsli verði á þessum reit. Þar sem fjöldi verslana og fyrirtækja hefur flutt í Ármúlanum undanfarin ár, er umferð nú orðin töluvert mikil um svæðið. Umferð hefur aukist vegna t.d. lokana í miðbænum og þrenginga á Grensásveg. Þarna kemur mikið byggingamagn, byggja á allt að 450 íbúðir og atvinnuhúsnæði rísi t.d. á lóðinni Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af því að þarna verði mikil þrengsli, svo mikil að allt eins lítur út að útiloka eigi akandi umferð um svæðið. Ekki liggur nógu skýrt fyrir hvaða áhrif breytingar á lóðinni Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31 muni hafa á umferð og rými vegfarenda. Fulltrúa Flokks fólksins hafa einnig borist upplýsingar um að Reykjavíkurborg áformi breytingar á Ármúlanum ofar í götunni, á milli Vegmúla og Selmúla. Ekki fékkst svar að þessu sinni hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á þeim hluta Ármúla af hálfu skipulagsyfirvalda.



Helga Björk Laxdal
e.u.